



Reykjavík, 4. ágúst 2020

Efni: Umsögn um útfærslu kerfiskennitölu skv. lögum nr. 140/2019, um skráningu einstaklinga – mál nr. 128/2020

Vísað er til skjals sem birt var til umsagnar í Samráðsgátt þann 3. júlí sl. þar sem óskað er eftir umsögnum vegna útfærslu nýrrar kerfiskennitölu skv. lögum nr. 140/2019, um skráningu einstaklinga. Til umsagnar eru þrjár mögulegar útfærslur aðgreinanlegra kerfiskennitala sem kalla á mismiklar kerfislegar breytingar.

Arion banki fagnar því að stefnt sé að aðgreiningu kerfiskennitala frá kennitölum einstaklinga sem skráðir eru í þjóðskrá. Að mati bankans ætti að horfa til möguleika ii) en þó þannig að gætt sé að því að fjármálafyrirtækjum og öðrum ytri aðilum sem þessi breyting mun hafa áhrif á, verði veittur rúmur frestur til að innleiða nauðsynlegar kerfisbreytingar. Bankinn telur kosti tillögu i) umfram tillögu ii) ekki vera þess eðlis að þeir réttlæti þær verulegu breytingar sem fyrrséð er að gera þurfi á kerfum þessara aðila til að ná þeim fram.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson, lögfræðingur